

3. REGLUGERÐ BÍS SKÁTAMÓT



A. Skátamót

Til þess að útillega eða útisamkoma skáta geti kallast skátamót þarf að uppfylla eftirtalin atriði:

1. Lágmarkstími mótsins sé tveir sólarhringar.
2. Ákveðin dagskrá sé undirbúin og framkvæmd.
3. Skátum úr minnst þremur skátafélögum sé boðin þátttaka.
4. Að stjórn BÍS viðurkenni mótið sem skátamót.

B. Landsmót

Á vegum BÍS séu haldin Landsmót þriðja hvert ár. Stjórn BÍS getur þó breytt þessum tímamörkum, t.d. ef minnst á merkisatburðar í skátastarfi með landsmóti.

C. Önnur mót

Skátafélög, skátasambönd og aðrir aðilar innan skátahreyfingarinnar eru hvattir til að standa fyrir skátamótum. Stjórn BÍS samræmir síðan tímasetningar þannig að reynt verði að komast hjá því að mörg mót verði á sama svæði á svipuðum tíma.

D. Sérmót

Stjórn BÍS getur samþykkt frávík frá þessari reglugerð t.d. er varðar skátamót, utan hins hefðbundna mótstíma (vormót, vetrarmót). Sömuleiðis hvað varðar mót fyrir afmarkaðar greinar skátastarfs s.s. flokkamót, sjóskátamót, radióskátamót, dróttskátamót.

Samþykkt á stjórnarfundum BÍS, 13. september 1994